

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

#### *Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. maí 2021 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar.

Skipulagssvæðið afmarkast af Glerárgötu, Kaupvangsstræti, Skipagötu, Hofsbót og Strandgötu. Helstu breytingar frá gildandi skipulagi eru að Glerárgata verður áfram 2 + 2 vegur í núverandi legu en með þrengingu og veglegri gönguþverun, afmarkað er pláss fyrir nýjan hjólastíg eftir Skipagötu, byggingarreitir eru aðlagðir að breytingum á Glerárgötu og Skipagötu, heimiluð hæð hluta húsa hækkar og þakform breytist. Gert er ráð fyrir að hluti Skipagötu verði einstefna til suðurs og að það sama muni gilda um Hofsbót frá Skipagötu að Strandgötu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Austursíðu 2.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 1. júní 2021 breytingu á deiliskipulagi Austursíðu 2.

Skipulagssvæðið afmarkast af Hörgárbraut, Síðubraut, Austursíðu og lóðum við Frostagötu. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir nýrri inn- og aðkomu að lóðinni Austursíðu 2, fjölgun bílastæða, stækkun byggingarreits aðalbyggingar sem er framlengdur til suðurs og settir eru inn nýir byggingarreitir fyrir þjónustuhús og hraðhleðslustöðvar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 9. júlí 2021,*

**Pétur Ingi Haraldsson** sviðsstjóri skipulagssviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2021